



HAFNARFJÖRÐUR

Lýsing vegna breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, vegna
lóðarinnar Smyrlahraun 41 a.


Lagt fram í sbr. 1. mgr. 30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010



Inngangur

Aðalskipulagslýsing þessi er unnin skv. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 17. febrúar sl var samþykkt að gera aðalskipulagsbreytingu vegna byggingu búsetukjarna fyrir fatlaða á lóðinni nr. 41 a við Smyrlahraun. Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er lóðin Smyrlahraun 41 a hluti af reit S9 sem er svæði fyrir þjónustustofnanir/samfélagsþjónustu.



Lóðin Smyrlahraun 41a

Staðsetning og afmörkun svæðisins

Lóðin Smyrlahraun 41 a hefur verið leikvöllur og leikskólalóð. Þar hefur bæði verið rekin leikskóli á vegum bæjarins og einkarekin leikskóli. Aðkoma að lóðinni er frá Smyrlahrauni en einnig er aðkoma um göngustíg frá Haukakrauni. Lóðin er 1513 m². Á lóðinni stendur hús sem var byggt 1980 og var þá 75,7 m². Byggt var við húsið árið 1992 og er húsið í daga 160,5 m². Húsið er illa farið og mun það víkja fyrir nýrri byggingu.

Lóðin er að mestu leiti flöt. Á þrjá vegu er lóðin umkringd íbúðarbyggð en til norðurs liggur hún upp að íþróttasvæði sem er félagssvæði Bjarkanna.



Aðalskipulagsbreytingin

Eins og fram kemur í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er Smyrlahraun 41a hluti af reit S9 sem er þjónustureitur/samfélagsþjónusta og kenndur við Iðnskóla Hafnarfjarðar. Reitnum tilheyrir einnig leikskólinn Arnarberg auk lóðarinnar nr. 41 a við Smyrlahraun. Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar skal á svæðum vera stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið.

Fyrirhuguð breytingin á aðalskipulagi gerir ráð fyrir að lóðinni verði breytt í íbúðarsvæði og mundi þá verða hluti af íbúðarsvæðinu Hraun íB4. Þar er blönduð byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa. Þar er ekki fyrirhuguð frekari uppbygging nema á sérstökum lóðum.

Á reitnum er gert ráð fyrir að reisa búsetukjarna fyrir fatlaða einstaklinga en lög er áhersla á að uppbyggingu búsetukjarnar fyrir fatlað fólk séu staðsettir inn í almennum íbúðarhverfum víðsvegar um sveitarfélagið.

Gert er ráð að byggingarmagn á lóðinni verði um 600m². Húsið verði á 1. hæð og þar verði heimili fyrir allt að 6-8 einstaklinga í 40-50 m² íbúðareiningum. Annað rými verði starfsmanna aðstaða og sameiginleg rými.

Samhliða aðalskipulagsbreytingunni verður auglýst breyting á deiliskipulagi

Áhrif aðalskipulagsbreytingar á umhverfi

Ekki er talin þörf á umhverfismati né sérstakrar skráningu fornminja vegna aðalskipulagsbreytingarinnar enda um mikið raskað svæði að ræða.

Tengsl við aðrar skipulagsáætlanir

Fyrir liggur deiliskipulag af Miðbæ – Hraun sem samþykkt var 30.04.2013

Ferli samráð og kynning

Lýsing þessi er unnin í samræmi gr. 30, 31, og 32 í skipulagslögum nr. 123/2010. Þar er kveðið á um kynningar og samráð við íbúa, umsagnaraðila og aðra hagsmunaaðila á hinum ýmsu stigum skipulagsferlisins.

Kynning lýsingarinnar verður send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum. Hún verður einnig kynnt almenningi, íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum, með auglýsingum í Fréttablaðinu og verður hún einnig aðgengileg á vef sveitarfélagsins hafnarfjordur.is, í anddyri Þjónustuvers að Strandgötu 6 og í anddyri Norðurhelli 2. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum og ábendingum.

Tillögugögnin verða jafnframt kynnt aðliggjandi sveitarfélögum og umsagnaraðilum. Verður þeim sent bréf með tilvísun í vefslóð þar sem kynningargögnin verður að finna.

Helstu umsagnar aðilar eru:

- Skipulagsstofnun
- Nágranna sveitafélög
- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Garðabæjar
- Veitur

Lausleg tímaáætlun skipulagsferilsins

	okt.	nóv.	des.	jan.	feb.	mars
Lýsing aðalskipulags og umsagnarferli						
Tillaga að aðalskipulags- og deiliskipulagsbreytingu						
Kynning á aðalskipulags- og deiliskipulagsbreytingu						
Tillaga fullunnin og afgreiðsla skipulagstillögu til auglýsingar						
Auglýsing og gildistaka						